

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum í Meðallandsbugt.

1. gr.

Frá og með 13. október 1992 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á svæði í Meðallandsbugt milli 17°V og 17°50'V. Að utan markast svæði af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.